

**Stjórnarfundur FEB nr. 437  
Þriðjudagur 7.1.2020 kl. 9:30**

*Borgaristin*

Mætt: Ellert B. Schram, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Finnur Árnason, Guðrún Árnadóttir, Kári Jónasson, Róbert Bender, Sjöfn Ingólfssdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð. Auk þess sat fundinn Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Þorbjörn Guðmundsson

Dagskrá:

**1. Staðan í Árskóum.**

Vegna skyndilegra veikinda SHP var umræðan um þennan lið stutt. SHP sendi inn upplýsingar fyrir fundinn um að vinna við afsöl gengi vel og myndi vonandi fara langt í þessari viku. Ganga þarf frá ýmsum lausum endum í endanlegu uppgjöri á Árskóum. Gengið verður í nokkra liði strax eftir helgi.

**2. Drög að samkomulagi við LEB um afsláttarbók.**

Samþykkt hafði verið að skipa hóp frá LEB og FEB til að ganga frá samkomulagi um afsláttarbók sem verið hefur ófrágengið um nokkurt skeið. ÓÖI sagði frá fundi með Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur og Viðari Eggertssyni frá LEB og kynnti drög að samkomulagi milli FEB og LEB. Samþykkt. Verður tekið fyrir í stjórn LEB á fimmtudag.

**3. Undirbúningur aðalfundar.**

Farið yfir ýmis mál er tengjast fyrirhuguðum aðalfundi FEB. Lagt til að í ljósi mikils álags og ýmissa verkefna verði aðalfundi frestað um 1 mánuð. Nú er gert ráð fyrir aðalfundi 12.3. Rædd framboðsmál og vinna uppstillingarnefndar. Finnur kynnti tillögur að lagabreytingum og minnti á ákvæði laga félagsins um kynningarfund á þessum tillögum sem halda á amk. 2 vikum fyrir aðalfund.

**4. Auglýsing frá "Ferðaskrifstofu eldri borgara".**

Rætt um framkomna auglýsingu frá "Ferðaskrifstofu eldri borgara" og [hotelbokanir.is](http://hotelbokanir.is). Samþykkt að senda út yfirlýsingu á heimasíðu og fjölmíðla þar sem fram komi að þessar auglýsingar eru FEB algjörlega óviðkomandi og ekki í neinni samvinnu við félagið. Þá var samþykkt að kalla lögfræðing félagsins til fundar um þetta mál.

Samþykkt að setja kraft í umsókn FEB um ferðaskrifstofuleyfi sem hefur verið í vinnslu um nokkurt skeið.

**5. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar -tilnefning FEB.**

EBS formaður sagði frá því að rétt fyrir jól hefði verið farið fram á tilnefningu FEB á fulltrúa til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þar sem ekki gafst tækifæri svo stuttu fyrir jól að boða til fundar um þetta gaf EBS upp sitt nafn en með fyrirvara um nýtt nafn síðar eftir umfjöllun í stjórn.

**6. Önnur mál.**

Fjöldi verkefna sem ganga þarf í og klára. Stjórn samþykkti að haldnir verði stjórnarfundir næstu þriðjudaga þar sem tekin eru fyrir verkefni á hverjum fundi og kláruð. Fyrir liggur eftirfarandi skipulag:

**14.1. Starfsmannamál FEB.** Farið yfir viðbrögð vegna auglýsingar ofl.

21.1 Byggingarnefnd boðuð til fundar við stjórn vegna Árskóga. Fulltrúar Deloitte mæta og kynna úrdrátt skýrslu.

Eftir þann fund mætir Janus Guðlaugsson með sínu fólk og kynnir verkefni um heilsueflingu eldri borgara en FEB hefur sótt um styrk úr Lýðheilsusjóði og hefur áhuga á samstarfi við Janus.

28.1. Ferðamál FEB, skipulagning, leyfi, samkeppnisaðilar ofl.

4. 2. Stefna FEB til lokaumræðu og samþykktar. Næstu skref.

Fundi slitið 11.50

ÓOI

Guðr. Þórhildur  
Guðr. Anna  
Elinn B. Schwalm  
Stóra Þorláksson  
Robert Barlow  
Olaf Ólafur Jósefsson  
Lára Þórhildur  
Sigurður Ólafsson  
Jón Guðni Þórðarson